

## LÖG

### um breyting á lögum um Hapdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „einkaleyfi“ í inngangsmálslið, 1. másl. e-liðar 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: leyfi.

2. gr.

Lokamálsliður e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í leyfisgjald, þó ekki hærri fjárhæð en 150.000.000 kr.

3. gr.

Við lögina bætist ný grein er verður 7. gr. og orðast svo:  
Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna er vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóst-holssjúklinga og happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heimilt að greiða út vinninga úr flokkahappdrættum í peningum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*